

L Ö G

70

28. des.

um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

b-liður 2. gr. laganna orðist svo:

Fyrir brjóstsykur, konfekt og súkkulaði hálf t aðflutningsgjald.

Á eftir orðinu „kaffibæti“ í c-lið sömu greinar komi: $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds.

d-liður sömu greinar orðist svo:

Fyrir ávaxtasafa, öl, annað en maltöl, límonaði og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, svo og sódavatn, $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds. Af maltöli greiðist þó aðeins $\frac{1}{6}$ aðflutningsgjalds.

2. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Efnivörur til framleiðslu á innlendum tollvörutegundum skulu undanþegnar verðtolli.

3. gr.

6. gr. laganna hljóði svo:

Fjármálaráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerðin fer fram, um geymslu á tilbúnum en óafhentum vörum, um afhendingu og sölu varanna og um bókhald vörugerðar, svo og um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunni. Í reglugerðinni má ákveða sektir um brot gegn henni, þar á meðal dagsektir, svo og missi leyfisbréfs til tollvörugerðar.

Heimta má gjaldheimtumaður drengskaparvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

4. gr.

Lög nr. 42 8. sept. 1931 eru úr gildi felld.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. desember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Eysteinn Jónsson.